# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK MENNINGAR- OG TÓMSTUNDARÁÐS

**88. fundur Menningar- og tómstundaráðs mánudaginn 12. apríl 2010 kl. 17:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.**

**Dagskrá:**

1. Beiðni byggðarráðs um umsögn v/ erindis Búnaðarfélags Staðarhrepps og Ungmennafélagsins Dagsbrúnar.
2. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Fram lagt bréf byggðarráðs þar sem óskað er umsagnar menningar- og tómstundaráðs á erindi Búnaðarfélags Staðarhrepps og Ungmennafélagsins Dagsbrúnar þar sem félögin leita eftir því að fá bókasafn Lestrarfélags Staðarhrepps til eignar og afnota. Menningar- og tómstundaráð gerir ekki athugasemd við að félögunum verði fært bókasafnið til eignar og afnota skv. nánara samkomulagi þar um. Menningar- og tómstundaráð álítur mikilvægt að tekin verði saman skrá um bókakost safnsins og að eintak þeirrar skrár verði afhent Bóka- og skjalasafni Húnaþings vestra.

2. Önnur mál.
   Íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti helstu niðurstöður þjónustukönnunar sem framkvæmd var meðal gesta íþróttamiðstöðvar 25. mars til 11. apríl sl. Íþrótta- og tómstundafulltrúi mun senda nefndarmönnum og sveitarstjórnarmönnum samanteknar niðurstöður í skýrsluformi.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:55

Hafdís B. Þorsteinsdóttir (sign)

Skúli Þórðarson (sign)

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir (sign)

Már Hermannsson (sign)

Sveinn Benónýsson (sign).